

„Blessaður sé hann biskup Jón“

BÆKUR

Jón Arason biskup – Ljóðmæli

Ásgeir Jónsson ritstýrði og ritaði inngang, Kári Bjarnason bjó kvæðin til prentunar og skrifaði skýringar. 230 bls. JPV útgáfa, 2006.

Stærstur hluti miðaldakvæða hafa annað hvort aldrei verið gefin út eða eru aðeins til í gömlum fræðilegum útgáfum. „Má það furðulegt heita þar sem mörg þeirra eru meðal þess fegursta sem ort hefur verið á íslenska tungu“ segir Kári Bjarnason, annar útgefenda Ljóðmæla Jóns Arasonar biskups (84). Í skemmtilegum inngangi samstarfsmanns hans, Ásgeirs Jónssonar, er fjallað ítarlega um kveðskap biskups, trúarlegan og veraldlegan. Í innganginum fjallar Ásgeir m.a. um eyður og samfellu í íslenskri bókmenntasögu, hinn kaþólska menningararf og þöggun hans: „Ekki er heldur laust við að hin opinbera túlkun á því sem gerðist í menningarmálum landsins eftir siðaskipti beri nokkurn keim af því að sigurvegararnir hafi skrifað söguna“ segir hann (46). Þá rekur hann aðdraganda siðaskiptanna, fjallar um fjölskyldumál Jóns, tengsl hans við Dani og Hamborgara og segir loks frá aftöku Jóns og sona hans þann 7. nóvember 1550 og líkfylgdinni til Hóla.

Í stuttum inngangi Kára er sagt frá varðveislu kveðskapar Jóns en fimm heil kvæði hafa verið eignuð honum. Að auki eru í bókinni prentaðar allar þær lausavísur sem honum hafa verið eignaðar og annað efni sem líklegt er talið að sé eftir hann. *Ljómur* er sennilega þekktasta kvæði Jóns en það bergmálar mjög *Lilju* eftir Eysteinn munk. Það er lipurlega kveðið, létt og auðskilið og trúarboðskapur þess mildur og fallegur. Annað þekkt kvæði Jóns er *Píslargrátur*, 47 erindi undir hrynhendum hætti sem varðveitt er í einu af þremur meginhandritum íslenskra miðaldakvæða (110) og hefst svo: „Faðir vor Kristur í friðinum hæsta / form smíðandi allra tíða, / sonur í dýrð, að síðan færði / sanna lausn og hjálp til manna...“ (111). Það sem Sigurður Nordal kallaði „innilegasta trúarljóð Jóns“ er *Davíðsdiktur* sem einungis er varðveitt í Vísnaðabók Guðbrands Þorlákssonar frá 1612. Þar segir m.a. svo fallega: „Veit eg vonskur mínar/ vera með mörgum hætti / sem eg kann ekki að sjá...“ (131). Í *Niðurstigningsvísu* segir frá því þegar Jesús fæddist „af meydómskraft“ (144). Þar er María sögð eiga barn fyrir en leggja Jesú nýfæddan og móðurlausan við brjóst sér (144-5). *Niðurstigningsvísur* eru stórskemmtilegar enda talið að þær hafi verið vinsælar á sinni tíð (141).

Kári tekur svo saman veraldlegan kveðskap Jóns og gerir ítarlega grein fyrir honum ásamt sögum um tilurð kvæðanna og ártölum sem fylgdu þeim. Þar er m.a. hin fræga vísa um hestinn Móaling og um Grýtu í Eyjafirði og vísan „Um ósóma aldar sinnar“ þar sem er hin fræga hending: „Drepinn held eg drengskap, dyggð er rekin í óbyggð“ (180). Í viðauka eru prentuð kvæði um Jón og syni hans, t.d. eftir Andrés Magnússon sem ortar voru þegar Hólafeðgar urðu að gefast upp eftir fimm daga umsátur um Skálholt. Niðurlag þeirra hljóðar svo: „Nú trúir’eg drambið digra / drjúpi og verði’að krjúpa“ (197) og lýsir vel þeim hug sem Sunnlendingar báru til Jóns og sona hans. Að lokum eru prentaðar vísur séra Jóns í Vatnsfirði sem enda svona:

Blessaður sé hann biskup Jón,
bæði lífs og dauður.
Hann er þarfur herrans þjón,
þó heiminum virðist snauður.
(226)

Í heild er útgáfa Ljóðmæla Jóns Arasonar afar metnaðarfull og vönduð. Bókin er falleg og afar eiguleg þótt myndskreytingar Jóns Óskars séu hafðar alltof stórar og verða því grófar og klessulegar. Kvæðin, ásamt inngangsköflum og skýringum, eru einkar ljós og aðgengileg. Þau draga fram mynd af manni sem elskar Guð sinn heitt og ann tungu þjóðar sinnar enda ritaði hann aldrei á latínu eins og kollegar hans víða í Evrópu. JPV-útgáfa heiðraði minningu biskups með *Óxinni og jörðinni*, sögulegri skáldsögu Ólafs Gunnarssonar um síðustu æviár Jóns sem hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin 2003, og bætir nú um betur með þessari eigulegu útgáfu kvæða hans. Allar viðbætur við okkar gloppótta bókmenntasögu eru fagnaðarefni og óskandi að fleiri ráðist í að koma rykföllnum handritum á prent svo við megum öll njóta bókmenntaarfsins margumtalaða.

Steinunn Inga Óttarsdóttir
<http://steinunninga.wordpress.com/>